



Click here to enter text.  
Click here to enter text.

ATVINNUMÁLARÁÐHERRA

## Svar við spurningu frá Norðurlandaráði til ríkisstjórnna norðurlanda um reglur varðandi áfengi og öryggi um borð í skipum

Sem formennskuland í Norrænu ráðherranefndinni sendir danska ríkisstjórnin hér með, fyrir hönd ríkisstjórnna Norðurlanda, svör við spurningu Norðurlandaráðs varðandi áfengi og öryggi um borð í skipum.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hefur til umfjöllunar erindi er varðar ölvun meðal áhafna skipa á norrænum hafsvæðum og tengist öryggismálum. Því vill nefndin beina eftirfarandi spurningum til norrænu ríkisstjórnanna:

- Hvaða augum lítur viðkomandi ríkisstjórn ölvun meðal áhafna um borð í skipum sem leið eiga um norræn hafsvæði?
- Hvaða reglur gilda í viðkomandi landi um þetta?
- Stendur til að grípa til aðgerða /setja reglur til að mæta þeirri öryggisvá sem slík ölvun hefur í för með sér?

### Svar 1:

Norrænu ríkisstjórnirnar líta ölvun til sjós mjög alvarlegum augum og telja það vera grundvallaratriði að siglingar séu öruggar, bæði hvað snertir atvinnustarfsemi og skemmtibáta. Ölvun á enga samleið með öruggri stjórnun skipa og því eru siglingar undir áhrifum refsiverðar m.a. í Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og á Álandseyjum. Tryggja má öryggi til sjós með góðu og þverfaglegu samstarfi siglingayfirvalda/eftirlitsyfirvalda og atvinnugreinasamtaka. Einnig má auka öryggi með því að áhafnir um borð í skipum vinni við réttlátar aðstæður og njóti grundvallarréttinda.

### Svar 2:

Í Danmörku eru ákvæði um siglingar undir áhrifum í *lov om sikkerhed til søs (lögum um öryggi til sjós)*. Á Grænlandi eru ákvæði um siglingu undir áhrifum í *bekendtgørelse af anordning 1031 af 24. august 2015, om ikrafttræden for Grønland af lov om sikkerhed til søs (bekendtgørelse 1674 af 16. dec. 2015) (tilkynningu um tilskipun 1031 frá 24. ágúst 2015 um gildistöku laga á Grænlandi um öryggi til sjós (tilkynning 1647 frá 16. desember 2015))*. Í Færeyjum eru í gildi *løgtingslög nr. 165 frá 21. desember 2001 um trygd á sjónum (lögþingslög nr. 165 frá 21. desember*

ERHVERVS MINISTERIET

Slotsholmsgade 10-12  
DK-1216 København K

Sími 33 92 33 50  
Bréfasími 33 12 37 78  
Kennitala 10092485  
EAN nr. 5798000026001  
em@em.dk  
www.em.dk

2001 um öryggi til sjós). Í Svíþjóð taka *sjölagen (sjólögin)* til siglinga undir áhrifum. Í Noregi taka *lov 24. juni 1994 nr. 39 om sjøfarten (sjøloven) (lög frá 24. júní 1994 nr. 39 um siglingar (sjólögin))* og *lov om fritids- og småbåter (småbåtloven) (lög um skemmti- og småbáta (smábátalögin)* til siglinga undir áhrifum. Í Finnlandi er fjallað um ölvun um borð í skipum í *strafflagen 39/1889, kap. 23 (hegningarlögum 39/1989, kafla 23)*. Finnsku reglurnar gilda einnig á Álandseyjum en þar eru þó sérstaker reglur um skemmtibáta (að hámarki 24 metra) og sjósleða.

Hvað atvinnuskipum viðvíkur gilda reglurnar bæri fyrir þann eða þá einstaklinga sem stýra skipinu og fyrir hvern þann sem gegnir starfi sem skiptir máli fyrir öryggi um borð. Leyfilegt áfengismagn í blóði eða andardrætti er misjafnt á milli landa. Í sumum löndum gilda sömu reglur og gilda í landi.

Sambærilegar reglur gilda um siglingu stærri skemmtibáta og sjósleða og hraðbáta. Skilgreining á „stærri“ skemmtibátum er misjöfn á milli landa. Skemmtibátar sem eru minni en það sem skilgreint er í viðkomandi landi falla því ekki undir reglurnar um mörk leyfilegs áfengismagns í blóði eða andardrætti. Í Danmörku eru til að mynda reglur um aðra skemmtibáta sem kveða á um að refsivert sé að stjórna skemmtibát hafi maður innbyrt áfengi eða vímuefni og sé ekki í ástandi til að stjórna bátnum með öruggum hætti. Í Noregi eru í gildi lög um småbáta þar sem kveðið er á um föst mörk leyfilegs áfengismagns í blóði eða andardrætti.

Á öllum Norðurlöndum er sigling undir áhrifum refsiverð að viðlagðri sekt eða fangelsisvist. Þá má svipta þá sem gerast sekir um að stjórna skipi eða starfa sem stýrimaður eða vélstjóri undir áhrifum skiptsstjórnar- eða starfsréttindum sínum. Ef um gróft brot er að ræða getur sviptingin verið varanleg. Refsing er meðal annars ákvörðuð með tilliti til þess:


- hvort hlotist hafi dauðsfall eða alvarleg meiðsli af ölvunarsiglingunni.
- hvort áfengismagn í blóði eða andardrætti sé yfir leyfilegum mörkum.
- hvort hinn dæmdi hafi áður gerst sekur um siglingu undir áhrifum.
- hvort hinn dæmdi hafi áður hlotið dóm fyrir siglingu undir áhrifum.
- hvort önnur alvarleg mistök hafi verið gerð við siglinguna eða hvort aðrar refsilyngjandi ástæður séu fyrir hendi.

*Svar 3:*

Þegar teknar eru ákvarðanir á þessu sviði líta norrænu ríkisstjórnirnar m.a. til bættrar skráningar á slysum þar sem áfengi kemur við sögu. Það er því sameiginlegur vilji þeirra að viðhalda stöðugt og bæta þekkingu og

tölfræði svo taka megi rökstuddar ákvarðanir á grundvelli skráðra gagna.  
Sem stendur áforma norrænu ríkisstjórnirnar ekki að breyta lögum um  
siglingar undir áhrifum þegar kemur að atvinnuskipum og stærri  
skemmtibátum en fylgjast vel með þróun mála.

Með kærri kveðju,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Simon Kollerup'. The signature is written in a cursive, flowing style with some loops and a long tail on the 'p'.

Simon Kollerup